

## Gunnar Ragnarsson

- **F.** á Lokinhömrum í Arnarfirði 20. júní 1926, d. 20. maí 2019.
- **Foreldrar:** Kristín Sveinbjarnardóttir húsfreyja, f. 8. desember 1899 í Suðurfjarðahreppi, Barðastrandarsýslu, d. 13. ágúst 1977, og Guðbjartur *Ragnar* Guðmundsson frá Meðaldal í Dýrafirði, oddviti í Auðkúluhreppi og bóndi á Lokinhömrum og síðar Hrafnabjörgum, f. 9. september 1900, d. 27. janúar 1963.
- **Maki I:** Þórdís Hilmarsdóttir, f. 12. september 1930, d. 10. júlí 2013. Þau slitu samvistir.
- **Foreldrar maka I:** Margrét Jónsdóttir, f. 6. júlí 1904 í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu, d. 18. júní 1996, og Hilmar Stefánsson bankastjóri í Reykjavík, f. 10. maí 1891 í Svínavatnshreppi, Austur Húnavatnssýslu, d. 17. ágúst 1965.
- **Barn með maka I:** Margrét, f. 30. janúar 1953.
- **Maki II:** Anna Sigríður Skarphéðinsdóttir kennari, f. í Reykjavík 5. apríl 1932. Þau gengu í hjónaband 1. júní 1957.
- **Foreldrar maka II:** Anna Þórunn Magnúsdóttir húsfreyja, f. í Reykjavík 27. október 1904, d. 8. júlí 1980, og Skarphéðinn Benediktsson sjómaður, f. á Patreksfirði 14. september 1899, d. 25. febrúar 1968.
- **Börn með maka II:** Helga Kristín, f. 14. júní 1957, og Vilhjálmur, f. 18. mars 1959.

### Námsferill:

- Kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands 1947.
- Stúdent utanskóla frá Menntaskólanum í Reykjavík 1948.
- Nám í ensku, frönsku og dönsku við Háskóla Íslands 1948-1949.
- Próf í forspjallsvísindum (cand.phil.) frá Háskóla Íslands 1949.
- Nám við háskólann í Edinborg, Skotlandi, 1949-1955. M.A.-próf þaðan í heimspeki sem aðalgrein og ensku, sálfræði og listfræði sem aukagreinar 1955.
- Framhaldsnám í heimspeki við McGill háskólann í Montreal, Kanada, 1958-1959 með styrk frá Canada Council.
- Sótti all mörg námskeið, flest fyrir enskukennara, meðal annars í Hastings í Englandi 1981.
- Námsdvöl við Center for Dewey Studies í Carbondale í Illinois í Bandaríkjunum 1991.

### Starfsferill:

- Stundakennari við Námsflokka Reykjavíkur og Kennaraskóla Íslands 1955-1958.
- Bókavörður í Landsbókasafni Íslands 1955-1958.
- Starfsmaður Gjaldeyriseftirlits, Seðlabanka Íslands 1958-1963.
- Stundakennari við Mennaskólann í Reykjavík 1962-1963.
- Skólastjóri barna- og unglingaskólans, síðar grunnskólans, í Bolungarvík 1963-1991.
- Stundakennsla við Menntaskólann á Ísafirði á níunda áratugnum.
- Þýðingar og ritstörf eftir að skólastjórastörfum lauk.

### Félagsstörf:

- Meðal stofnfélaga Sálfræðingafélags Íslands (þá Félags íslenzkra sálfræðinga) 1954. Ritari félagsins í nokkur ár.
- Formaður Kennarasambands Vestfjarða 1978-1980.

**Viðurkenningar:**

- Heiðursfélagi Félags áhugamanna um heimspeki 2014.

**Ritstörf og þýðingar:**

Enda þótt Gunnar Ragnarsson hafi verið meðal stofnenda Félags íslenskra sálfræðinga 1954 ber að hafa í huga að heimspeki var meginviðfangsefnið í námi hans og var meðal annars inntak Masters-ritgerðar hans við Edinborgarháskóla 1955. Sálfræðin var þar aukagrein. En þá skal haft huga að við stofnun félagsins virtist þeim gert jafnt undir höfði sem höfðu haft sálfræði sem aukagrein við heimspeki og heimspeki sem aukagrein við sálfræði. Þeir sem stofnuðu félagið voru því býsna sundurleitur hópur.

Gunnar stundaði ekki eiginleg störf sem sálfræðingur þótt ugglaust hafi sálfræðipekkingin komið að góðum notum í kennslu- og skólastjórstörfum hans. Og hann mun ekki hafa notað starfsheitið *sálfræðingur*.

En innan heimspekisamfélagsins á Íslandi hefur Gunnar þeim mun frekar gert sig gildandi fyrir skrif um heimspeki og margháttaðar þýðingar sínar heimspekilegs efnis eins og fram kemur hér á eftir, að því marki sem heimildir fundust um.

**Greinar, erindi og viðtöl:**

- Skynsamlegar rökstuddar skoðanir einkenni sannrar menntunar (viðtal). *Tíminn* 30.12 1955, bls. 2. Sjá: <https://timarit.is/page/1025115?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 16.8 2020.
- Af erlendum vettvangi. *Menntamál*, 28. árg., 3. tbl., 1955, bls. 288-292. <https://timarit.is/page/4556152#page/n105/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- John Stuart Mill 1806-1956. *Morgunblaðið* 14.7 1956, bls. 10. Sjá: <https://timarit.is/page/1305568#page/n9/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- Um heimsfræði og heimspeki dr. Helga Péturs. *Birtingur*, 1.-2. tbl. 1957, bls. 74-82. Sjá: <https://timarit.is/page/5387954?iabr=on#page/n95/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 8.8 2020.
- Markvís hugsun. *Dagskrá. Tímarit um menningarmál*, 1. árg., 2. tbl., 1957, bls. 29-33. Sjá: <https://timarit.is/page/5973356#page/n33/mode/2up>. Sótt 8.8 2020.
- Rangtúlkun grískrar heimspeki. *Dagskrá. Tímarit um menningarmál*. 2. árg., 2. tbl. 1958, bls. 11-18. Sjá: <https://timarit.is/page/5973518#page/n11/mode/2up>. Sótt 8.8 2020.
- Heimspeki og hrærigrautur (viðtal). *Morgunblaðið* 29.5 1960, bls. 3. Sjá: <https://timarit.is/page/1328867?iabr=on#page/n2/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 16.8 2020.
- Hugur einn það veit. Í *Gefið og þegið*. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Reykjavík. Iðunn, 1987. Ritstj. Þuríður J. Kristjánsdóttir. Bls. 1-9.
- Vettlingatök – athugasemdir við ritdóm. Í: *Hugur*, 17. árg., 1. tbl. 2005, bls. 222-223. Sjá: <https://timarit.is/page/5695489#page/n224/mode/2up>. Sótt 15.8 2020.
- „Vona að skólaskyldan verði ekki lengd“ (viðtal). *Vísir*, 24.4 1978. Sjá: <https://timarit.is/page/3373141?iabr=on#page/n11/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 16.8 2020.

**Þýðingar:**

- Bryan Magee: Bryan Magee ræðir við R.M. Hare um siðfræði. *Heimspækivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?encyclopedia-tag=gunnar-ragnarsson>. Sótt 1.4 2020.

- Charles W. Thayer: Rússland (með Thorolf Smith). Reykjavík. Almenna bókafélagið (bók mánaðarins, önnur bók félagsins í flokknum Lönd og Þjóðir). Reykjavík. 1962. Sjá: <https://timarit.is/page/6690697?iabr=on#page/n5/mode/2up>. Sótt 6.8 2020.
- John Stuart Mill: Nytjastefnan. Reykjavík. *Lærdómsrit hins íslenska bókmenntafélags*, 1998.
- Samtal við Karl Popper. Karl Popper og Bryan Magee ræðast við. Í: *Hugur*, 5. árg., 1. tbl., 1992, bls. 19-37. Sjá: <https://timarit.is/page/4964932#page/n19/mode/2up>. Sótt 15.8 2020.
- Paul Edwards: Hversvegna. Í: *Hugur*, 8. árg., 1. tbl., 1996, bls. 77-97. Sjá: <https://timarit.is/page/4965402#page/n77/mode/2up>. Sótt 8.8. 2020.
- Anthony Kenny: Descartes fyrir byrjendur. Í: *Hugur*, 9. árg., 1. tbl., 1997, bls. 29-35. Sjá: <https://timarit.is/page/4965486#page/n29/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- Karl Popper: Ský og klukkur [valdar greinar um þekkingarfræði, aðferðafræði og vísindaheimspeki]. Reykjavík. Heimspekistofnun Háskóla Íslands. 2009.  
Sjá grein Stefáns Snævarr: Aðferð og afsönnun. Popper og vísindin. Ritdómur og hugleiðingar (byggðar á þýðingu Gunnars á bók Poppers. *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar*, 11. árg., 3. tbl., 2011, bls. 205-234. Sjá: <https://timarit.is/page/6498818#page/n203/mode/2up>. Sótt 15.8 2020.
- John Dewey: Reynsla og menntun. Reykjavík. Háskólaútgáfan, 2000. Gunnar ritar inngang og skýringar. Bókarfregn í *Morgunblaðinu* 13.10 2000.
- John Dewey: Hugsun og menntun. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, 2000.  
Sjá grein Jóns Ólafssonar: Menntun, Reynsla og hugsun. Heimspekilegur pragmatismi. (byggð á ofangreindum ritum John Dewey í þýðingu Gunnars). Í: *Skírnir* 176. árg., 1. tbl., 2002, bls. 189-210. Sjá: <https://timarit.is/page/7012833#page/n215/mode/2up>. Sótt 6.8 2020.
- John Dewey: Skólinn og félagslegar framfarir. Í: *Uppeldi og menntun*. Tímarit Kennaraháskólans. 8. árg., 1. tbl., 1999, bls. 159-170. Sjá: <https://timarit.is/page/4846373#page/n159/mode/2up>. Sótt 8.8 2020.
- John Stewart Mills: Nytjastefnan (með inngangi eftir Roger Crisp í þýðingu Þorsteins Hilmarssonar). Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 1998. Sjá ritfregn í *Hug*, 10.-11. árg., 1. tbl., 1998-1999, bls. 167. Sjá: <https://timarit.is/page/4965760#page/n167/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- Bryan Magee: Miklir heimspekingar - Inngangur að vestrænni heimspeki. Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 2002.  
Sjá ritdóm Péturs Gauta Valgeirssonar í *Hug*, 16. árg., 1. tbl. 2004, bls. 286-288. Sjá: <https://timarit.is/page/5695244#page/n287/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- David Hume: Samræður um trúarbrögðin. Reykjavík. Lærdómsrit hins íslenska bókmenntafélags, 2002.
- John Macmurray: Menntun tilfinninganna. *Heimspekivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?p=4107>. Sótt 5.4 2020.
- Gilbert Ryle: Ludwig Wittgenstein. *Heimspekivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?encyclopedia-tag=gilbert-ryle>. Sótt 5.4 2020.
- Julian Baggini: Stöðvið allar klukkurnar. Um ofríki tímans. *Heimspekivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?p=2525>. Sótt 5.4 2020.

- Bernard Williams og Bryan Magee: Töfrar málspekinnar. *Heimspækivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?encyclopedia=tofrar-malspekinnar>. Sótt 5.4 2020.
- William Barrett og Bryan Magee: Heidegger og nútíma tilvistarstefna. *Heimspækivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?p=1336>. Sótt 5.4 2020.
- Paul Edwards: Hversvegna? *Heimspækivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?encyclopedia-tag=paul-edwards>. Sótt 5.4 2020.
- Útdráttur Humes úr Ritgerð um manneðlið. *Heimspækivefurinn*. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?encyclopedia=utdrattur-humes-ur-ritgerd-um-mannedlid>. Sótt 5.4 2020.
- David Hume: Um mælikvarðann á smekk. Í: *Hugur*, 18. árg., 1. tbl. 2006, bls. 28-41. Sjá: <https://timarit.is/page/5695528?iabr=on#page/n29/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 16.8 2020.
- David Hume: Útdráttur úr Ritgerð um manneðlið. Í: *Hugur*, 21. árg., 1. tbl. 2009, bls. 157-168. Sjá: <https://timarit.is/page/5696260?iabr=on#page/n157/mode/2up/search/%22Gunnar%20Ragnarsson%22>. Sótt 16.8 2020.
- Bryan Magee: Vit og vitleysa. Í: *Hugur*, 19. árg., 1. tbl. 2007, bls. 37-46. Sjá: <https://timarit.is/page/5695764#page/n37/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.
- Stephen Law: Immanuel Kant. Siðfræði. Í: *Hugur*, 26. árg., 1. tbl., 2014, bls. 39-44. Sjá: <https://timarit.is/page/7103861#page/n37/mode/2up>. Sótt 9.8. 2020.

#### Heimildir:

- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Helga Kristín Gunnarsdóttir í Íslendingabók. Sótt 16.3 2020.
- Anna Sigríður Skarphéðinsdóttir í Íslendingabók. Sótt 16.3 2020.
- Anna Þórunn Magnúsdóttir í Íslendingabók. Sótt 1.4 2020.
- Gunnar Ragnarsson Lýkur prófi í heimspeki. *Menntamál*, XXVIII. árg., 3. tbl., 1955, bls. 270. Sjá: <https://timarit.is/page/4556134#page/n87/mode/2up>. Sótt 6.8 2020.
- Heimspækivefurinn. Sjá: <https://heimspeki.hi.is/?p=4127>. Sótt 18.3 2020.
- Uppreisn gegn hefðinni. Ólafur Páll Jónsson ræðir við Gunnar Ragnarsson. *Hugur*, 26. ár, 2014, bls. 9-21. <https://timarit.is/page/7103837#page/n13/mode/2up>. Sótt 18.3 2020.
- Gunnar Ragnarsson. Æviatriði og minningargreinar í *Morgunblaðinu* 4. júní 2019 eftir Þorleif Óskarsson, Áslaugu J. Marinósdóttur, Gunnar Björnsson, Óskar Helga Þorleifsson, Egil Arnarson, Einar Kvaran, Geir Þórarinnsson, Hafþór Sævarsson, Jörundur Guðmundsson, Magnús Þór Jónsson, Oddnýju Eir Ævarsdóttir, Rögnvald Þórsson, Þorstein Hilmarsson og Gunnar Má Þorleifsson.
- Gunnar Ragnarsson. og minningargreinar í *Morgunblaðinu* 13. júní 2019 eftir Eyjólf Ármannsson og Stefán Ólaf Jónsson.
- *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga*, 40. árg., 1. tbl., 1958, bls. 85. Sjá: <https://timarit.is/page/5687252#page/n102/mode/2up>. Sótt 16.8 2020.



Mynd með minningargreinum í Morgunblaðinu í júní 2019